

Nr. 960

17. nóvember 2009

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness, 3. áfangi, Mosabraut 29, 31 og 33.*
Í breytingunni felst að austurmörk lóða nr. 31 og 33 færast til austurs um 10 m. Við það minnka lóðir nr. 29 og 31 og lóð 33 stækkar.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. október 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells 2.*
Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall svæðisins verði 0,03 og þar af sé heimilt að vera með allt að 40 m² aukahús. Hámarkshæð húsa verði 6 m og þakhalli á bilinu 14 – 60°.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. október 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. nóvember 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. desember 2009